

Fundur skólanefndar Undralands haldinn 29. Janúar 2014 kl. 16:00

Eftirfarandi fundarmenn mættir: Helgi Jóhannesson ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Arnheiður S Þorvaldsdóttir, Kolbrún Þorkelsdóttir. Unnsteinn Eggertsson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Skýrsla skólastjóra.

Halla kynnti eftirfarandi skýrslu:

Skólanefndarfundur 29.janúar 2014

Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Þessar vikur frá því við hittumst hafa liðið mjög hratt og hafa einkennst mikið af fríum og veikindum. Starfsfólk hefur verið duglegt að gera sér dagamun og farið erlendis. Einnig hafa veikindi herjað bæði á starfsfólk og börn. Við höfum náð að leysa þetta allt saman innanhúss.
- ❖ Starfið hefur gengið mjög vel og ýmsar upptökur verið.
- ❖ Á degi íslenskrar tungu fór elsta deildin á flakk um Flúðahverfið, söng og fór með ljóð fyrir þá sem vildu hlusta. Þetta var skemmtileg nýbreytni.
- ❖ Allar deildir voru með piparkökubakstur fyrstu vikuna í desember.
- ❖ Við höfum sameiginlegar söngstundir á miðvikudögum og er það liður í að börnin kynnist á öllum deildum.
- ❖ Sr. Eiríkur hefur heimsótt okkur núna fyrir jólin, sungið og lesið sögur með börnunum.
- ❖ Pakkadagatalið var í fullum gangi og voru dvd myndir og playmo í pökkunum í ár.
- ❖ Foreldrafélagið skreytti jólatréð í garðinum okkar og kveiktum við á því með viðhöfn 2.desember.
- ❖ Helgi kom færandi hendi með tröppujólatré sem við ætlum að planta í vor. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

- ❖ Á starfsmannafundi í nóvember sóttum við fyrirlestur með Flúðaskóla um samskipti á vinnustað. Fyrirlesturinn heitir:

Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti

Af fræðilegum og skemmtilegum vinklum um samskipti á vinnustöðum

Fyrirlesari: Eyþór Eðvarðsson

Það sem Eyþór ræddi um var að:

Samstarf á vinnustöðum ætti auðvitað að geta gengið frábærlega því allir vilja að samskiptin séu góð, að verk séu vel og rétt unnin, vera stoltir af eigin verkum og svo framvegis. En það er ekkert sjálfgefið og bara sú staðreynd að 48% sambúða endar með skilnaði - og þar er byrjað með sterkar yfirlýsingar, tilfinningar og ætlanir - gefur vísbendingu að oft fari samstarf á annan veg en ætlað er.

En hvernig er almennilegt samstarf á vinnustöðum? Það er hægt að svara spurningunni á marga skemmtilega vegu og í fyrirlestrinum verður farið yfir þá. Patrick Lencione sem gaf út metsölubókina *The Five Dysfunctions of a Team*, fjallar um þau atriði sem þurfa að vera til staðar til að samstarf milli samstarfsmanna nái góðum hæðum. Starfsánægja og gleði starfsmanna fer einnig eftir ákveðnum skrefum samkvæmt því sem kom fram í rannsóknum þeirra Marcus Buckingham og Curt Coffman á 80.000 manns í Bandaríkjunum. Hamingjufræðin er á mikilli uppleið og þar er m.a. spurt hver ber ábyrgð á hamingjunni; Er það ég, yfirmaðurinn, skuldirnar, kreppan eða kokkurinn? Kannski er einhverjum öðrum ætlað að smíða okkar gæfu.

Sagan góða frá englinum um himnaríki og helvíti á einnig við þegar rætt er um gott samstarf. Þetta og margt annað verður rætt á hressandi og fræðandi hátt í fyrirlestri Eyþórs Eðvarðssonar.

- ❖ Þetta var afskaplega áhugaverður og gagnlegur fyrirlestur sem skilar sér vonandi inn í starfið. Það hefur borið á erfiðum samskiptum hjá okkur í haust og var þetta m.a. liður í því að bæta þau. Einnig hef ég setið fundi á viðkomandi deild og rætt málin við starfsfólkið. Það er vonandi að verða hugarfars breyting. Þetta er metið vikulega.
- ❖ Við buðum eldri borgurum í Jólamorgunstund 18. desember. Þar sem við sungum, börnin á elstu deildinni sýndu helgileikinn og Katrín Jónsdóttir frá Langholtskoti las fyrir okkur sögu. Það var boðið upp á kaffi og

smákökur. Það mættu ekki margir en þeir sem mættu voru afskaplega glöð og ánægð með boðið.

- ❖ Þetta árið breyttum við fyrirkomulagi litlu jólanna. Jólaballið var fimmtudaginn 19. desember kl. 10:00 og allir mættu í náttfötum, foreldrar voru að sjálfsögðu velkomnir eins og alltaf í náttfötum ef vildi. Ástæða þess að við gerðum þessa tilraun með þessar breytingar er sú: Fyrst og fremst viljum við að börnin njóti sín betur. Öll börn og starfsfólk eru í húsi þennan dag og jafnframt vonumst við til að hægt sé að skapa meiri frið og ró. Díska spilaði á gítar, börnin á Skógarkoti sýndu helgileikinn, jólasveinar kíktu í heimsókn og við dönsuðum í kringum jólatréð. Skemmtuninni lauk um kl. 11:00 þá tók við hátíðarmatur leikskólans. Jólaballið heppnaðist mjög vel og vorum við allar sammála um að börnin nutu sín mikið betur og foreldrarnir voru líka miklu rólegri enginn að flýta sér.
- ❖ Elma Jóhannsdóttir hætti hjá okkur um áramótin og er haldin á vit ævintýranna. Erla Björg Arnardóttir er komin í hennar stað og er hún boðin velkomin til starfa. Erla Björg verður í 80% stöðuhlutfalli.
- ❖ Fjölgun á erlendum börnum hefur vaxið jafnt og þétt. Núna um áramót eru 40 börn í leikskólanum og þar af 13 börn af erlendu bergi brotin. 8 börn eiga foreldra sem eru bæði útlend. Þetta skapar að sjálfsögðu aukið álag á starfið. Erla Björg var ráðin m.a. vegna þessa sem aukin stuðningur vegna erlendu barnanna okkar.
- ❖ Tvær árgamlar stelpur byrjuðu hjá okkur núna um áramótin og ein til viðbótar byrjar 1.febrúar. Ein tveggja ára stelpa hættir hjá okkur 1.febrúar. Aðlögun nýju barnanna hefur gengið mjög vel.
- ❖ Fámennt og góðmennt var milli jóla og nýárs þ.a.s. 6-9 börn og voru 2-4 starfsmenn alltaf í húsi, ánægjulegt var hversu margir gátu notið þess að eiga jólafrí saman. Við fengum mat hjá mötuneyti.
- ❖ Við fengum jólagjafir frá börnum, bækur og púsluspil. Frábærar gjafir allar sem ein. Foreldrafélagið ætlar að lauma gjöfum til okkar fljótlega.
- ❖ Skipulagsdagur var hjá okkur 3.janúar sama dag og grunnskólinn. Þrjár konur sóttu I-pad námskeið með grunnskólanum en hinar unnu í leikskólanum að undirbúa starfið og taka til.

- ❖ Prettándagleði var haldin 6.janúar. við opnuðum pakkana sem við fengum og dönsuðum á eftir. Mikið fjör.
- ❖ Það sem er framundan hjá okkur í janúar er vasaljósadagur, Karladagur og Þorablót. Þannig að okkur á ekki eftir að leiðast.
- ❖ Dagur leikskólans er 6.febrúar og ætlum við að hafa sýningu í búðinni eins og undanfarin ár. Undirbúningur verður í janúar. Þemað á sýningunni er „Kerlingin mín“.
- ❖ Endurnýjun á tækjakosti leikskólans var orðin algjör nauðsyn. Við erum búin að versla ljósritunarvél, dvd spilara, tvær fartölvur og tölvu fyrir leikskólastjóra. Einnig þarf að bæta við hillum, gólfstólum fyrir starfsfólk og vinnuúlpur. Það verður gert smám saman.
- ❖ Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings tók til starfa núna um áramótin. Starfsmenn hennar María, Ólína, Hugrún og Hrafnhildur komu í heimsókn til okkar og kynntu okkur þjónustuna. Það eru námskeið fyrir stjórnendur fram á vorið og verður byrjað á „Stjórnun og forysta“ núna í febrúar. Hugarflugsfundur verður með öllum stjórnendum núna í byrjun febrúar, sameiginlegir leikskólastjórafundir verður haldið áfram, sérkennarafundum verður komið á og ýmislegt annað. Allt miðast þetta að því að bæta og auka meira samstarf á milli skólanna á svæðinu. Stuttu fræðslufundunum verður komið á aftur. Það kom líka fram hjá þeim að mikilvægt væri að fá talmeinafræðing í teymið og hvetur sveitastjórnir að skoða það vel og sem fyrst. Bentu á að Anna Stefanía frá Brautarholti er að útskrifast sem talmeinafræðingur í vor og vert væri að skoða hvað hún hefur hugsað sér að gera.
- ❖ Eins og áður hefur komið fram í skýrslunni hafa samskipti ekki gengið alveg nógu vel í vetur. Eftir heilmikla vinnu og viðtöl og annað, m.a. ráðgjöf frá Hrafnhildi Karlsdóttur, ákvað ég að skipta upp starfsmönnum á deildum. Vonandi verður það til þess að öllum fari að líða betur í vinnunni og starfið geti gengið betur.
- ❖ Ég, Halla Gunnarsdóttir ætla að segja starfi mínu lausu nú í vor sem leikskólastjóri og fara aftur í kennslu í grunnskólanum. Ég er í leyfi frá grunnskólanum til 1. ágúst svo ég hætti væntanlega hér sex vikum fyrir þann tíma svo ég fái sumarfríð mitt, sem er 15.júní 2014.

Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri.

Skipulagsmál.

Jón Valgeirsson sveitarstjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir tillögum að breyttu deiliskipulagi í Flúðahverfi. Málið kynnt og rætt.

Skóla og æskulýðsstefna, forvarnarstefna.

Skólanefnd Undralands leggur til að sveitarstjórn samþykki nýja Skóla- og æskulýðsstefnu og forvarnarstefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps eins og þær liggja fyrir í viðauka við fundargerð. Þó verði formanni og skólastjóra Flúðaskóla falið að gera lagfæringar á uppsetningu. Stefnurnar verði birtar á heimasíðum sveitarfélagsins og viðeigandi stofnunum og verði kynntar íbúum sveitarfélaganna eftir að þær hafa tekið formlegt gildi í báðum sveitarfélögum.

Önnur mál.

Leikskólastjóri hefur ákveðið að láta af störfum næsta vor. Lagt er til að formaður skólanefndar og sveitarstjóri undibúi ráðningu nýs leikskólastjóra.

Vistun 12 mánað barna.

Umsókn um undanþágu. Leikskólastjóri lagði fram 3 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. í reglum leikskólans um úthlutun leikskólaplássna, en þar segir.

Þrátt fyrir að lágmarksaldur barna sé miðaður við 18 mánuði er foreldrum heimilt að sækja

skriflega um undanþágu frá þeirri reglu þegar barnið nær 12 mánaða aldri. Fræðslunefnd skal meta hvert tilvik fyrir sig, m.a. með hliðsjón af aðstæðum í leikskólanum. Foreldrar skulu greiða 10% álag á leikskólagjöld á meðan barnið er á undanþágu

Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.